

AUGLÝSING**um skipulag í Kaldrananeshreppi í Strandasýslu.**

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19/21. maí 1964, ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 nái til Kaldrananeshrepps í Strandasýslu, að undanskildum nauðsynlegum byggingarframkvæmdum vegna búrekstrar.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. desember 1973.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 405.

14. desember 1973.

AUGLÝSING**um skipulag í Skilmannahreppi í Borgarfjarðarsýslu.**

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19/21. maí 1964, ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 nái til Skilmannahrepps í Borgarfjarðarsýslu að undanskildum nauðsynlegum byggingarframkvæmdum vegna búrekstrar.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. desember 1973.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 406.

18. desember 1973.

SAMÞYKKT**um sorphreinsun í Grindavíkurhreppi.**

1. gr.

Grindavíkurhreppur sér um sporffreinsun frá öllum öllum fasteignum á skipulögðum svæði kaupsins. Fer hún fram undir yfirstjórn sveitarstjóra og með umsjón heilbrigðisnefndar Grindavíkur.

2. gr.

Sorp frá íbúðarhúsum, verslunum, veitingastöðum, verbúðum o. s. frv. innan kaupsins skal sett í sérstaka poka, sem sveitarfélagið afhendir, en aðrar gerðir poka má ekki nota.

Pokunum skal komið fyrir í sérstakri grind, sem smíðuð er fyrir pokana. Skal grindin vera frístandandi, eða henni komið fyrir í sérsmíðuðum skáp. Grindinni

skal svo fyrir komið, að sporppokinn hangi 2—5 cm yfir jörð, gólfi eða skáþotni. Lok skal vera yfir grindinni.

3. gr.

Húseigendur skulu bera allan kostnað af uppsetningu og viðhaldi pokagrinda og sjá um að auðvelt sé að komast að þeim. Fyllsta hreinlætis skal gætt í umhverfi sorppoka.

4. gr.

Sorphreinsun skal framkvæmd vikulega á virkum dögum á tímabilinu frá kl. 7 til kl. 23 og ekki sjaldnar en 40 sinnum á ári.

Við hvert hús skal vera a. m. k. ein sorpgrind fyrir hvert heimili en fleiri ef nauðsyn krefur. Fjöldi sorpgrinda skal miðast við það, að sorppokar yfiryllist ekki milli tveggja tæminga.

Hugsanleg vafaatriði varðandi fjölda sorpgrinda úrskurðar heilbrigðisnefnd.

5. gr.

Við stórhátíðir eða ef útlit er fyrir stöðvun á sorphreinsun af einhverjum ástæðum, geta húsráðendur fengið aukapoka í sorpgrindur eftir þörfum í áhaldahúsi hreppsins.

6. gr.

Í sorppoka má setja allt venjulegt húsaorp, þó ekki meira en 25 kg í hvern poka. Ekki má setja glóð eða heita ösku í sorppoka.

Blautu sorpi, glerbrotum, oddhvössum eða beittum hlutum skal pakka inn í pappír eða plast, áður en slíkt er sett í sorppoka.

Bannað er að setja eldfima vökva t. d. bensín eða olíu í sorpilát, hvort sem er í umbúðum eða án þeirra.

Ekki má setja meira sorp í pokana en svo, að auðveldlega megi loka þeim eða hafa lok yfir sorpgrindinni. Sorpið má ekki heldur hanga yfir pokaröndina eða vera dreift umhverfis sorppokana.

7. gr.

Mold, mjöl, grjót eða svipuð efni má ekki láta í pokana, en skal flutt á svæði samkvæmt nánari fyrirmælum sveitarstjórnar.

Bilhrae og brotajárn skal flytja á afmarkað svæði (hauga), sem sveitarstjórn ákveður. Bannað er að flytja pappír, plast eða eyðanlegt sorp á slík svæði og einnig að aðgreina og flytja burt úrgang þaðan.

8. gr.

Bannað er að urða olíuleyfar eða önnur efni, sem mengað geta jarðveg í hreppslandinu, og einnig er bannað að kasta slíkum efnum í sjó.

Skal þeim brennt eða eytt á annan hátt, eftir því sem kostur er á, og skal slík eyðing fara fram undir eftirliti heilbrigðisnefndar og starfsmanna hreppsins.

9. gr.

Fyrirferðarmiklum eða brennanlegum úrgangi, svo sem umbúðum og því um líku, skulu forsvarsmenn heimila, atvinnufyrirtækja eða annarra koma á sorphreinsunarbil, þegar hreinsun fer fram, eða á sorphaugastað skv. nánari fyrirmælum sveitarstjórnar.

Eftir að sorpeyðingarstöð tekur til starfa er heimilt að krefjast sérstakrar greiðslu fyrir eyðingu slíks úrgangs svo og fyrir eyðingu meiri háttar úrgangs frá matsölustöðum, iðnfyrirtækjum o. s. frv.

10. gr.

Kostnaður við almenna sorphreinsun og sorpeyðingu greiðist úr sveitarsjóði. Sveitarstjórn er heimilt að innheimta sérstakt sorphreinsunargjald, skv. nánari ákvörðun og skal það innheimt með fasteignagjöldum hvers árs.

11. gr.

Kvörtunum vegna sorphreinsunar skal koma skriflega til sveitarstjórnar.

12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggji við að lögum. Með brot á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

13. gr.

Reglugerð þessi, sem samín er og samþykkt af hreppsnefnd Grindavíkurhrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðis- eftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. desember 1973.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUR

um Almanakssjóð.

1. gr.

Sjóðurinn nefnist Almanakssjóður og er stjórnað af háskólaráði.

2. gr.

Tekjur sjóðsins skulu vera:

1. Gjöld vegna útgáfu almanaka og dagatala hvers konar.
2. Gjöld vegna innfluttra almanaka og dagatala.
3. Sektir fyrir brot á almanakslögum.
4. Arður af útgáfu almanaka ár hvert.
5. Vextir af innstæðu sjóðsins.
6. Aðrar tekjur, sem sjóðnum kunna að áskotnast.

3. gr.

Sjóðnum má verja sem hér segir:

1. Til þess að greiða kostnað við útreikning á almanökum háskólans.
2. Til þess að kaupa tæki og áhöld, sem þarfleg eru fyrir útreikning almanakanna. Hlutir þessir verða eign háskólans, en þeir, sem reikna út almanökin, hafa forgangsrétt til að nota þá.
3. Til rannsóknna á stjarnfræði og rúmfræði, stærðfræði og stærðfræðilegri eðlisfræði, og til útgáfu vísindalegra rita í þessum fræðum.
4. Til fræðslu í stærðfræðilegum vísindum í háskólanum.
5. Til þess að styðja fræðimenn til að fullkomna þekkingu sína í stærðfræðilegum vísindum erlendis. Námsstyrk má og veita stúdentum, sem komnir eru vel á veg.